



Hannes Jónsson

Bjarni Benediktsson – Hannes Jónsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,

Reykjavík 26. febrúar 1941.

Herra

borgarstjóri Bjarni Benediktsson.

Það er sýnilegt, að er þessari styrjöld líkur verður þörf mikilla bygginga, sjerstaklega íbúða fyrir verkamenn og annað lágtækjafólk. En eg tel að einmitt þá verði hætta á, að of stórar og dýrar íbúðir verði reystar, vegna vanmats á gildi peninganna, sem menn eru nú haldnir af. En byggingafjelögum þeim, sem nú eru, treysti eg ekki. Þau virðast ekkert læra af reynslunni. Og svo er óheppilegt að slíkar framkvæmdir sjeu í höndum fjelaga, sem eru pólitísk, þó þau eigi ekki að vera það.

Væri enginn vegur til þess, að bærinn tæki forustu um slíkar framkvæmdir. Að hann byggði húsin að öllu eða nokkru leiti. Útvegaði nauðsynleg lán. Og seldi svo húsin með haganlegum kjörum og mismunandi útborgun eftir þörfum manna. Með því gæti bærinn haft hönd í bagga með að haganlega væri byggt, heppilegar og ódýrar íbúðir, og með því gæti hann hjálpað mörgum fátökum manni til sjálfs - hjálpar. Eg held þetta gæti orðið þanum og atvinnurekstrinum hagkvæmt, og yrði vel metið af fjöldanum, þó búast mætti við einstaka hjáróma hljóði. Og eg treysti yður manna best til að þora að brjóta óheppilegar venjur.

Mjer er sagt að Sparisjóðurinn hjer sje að komast í þröng, vegna þess að hann geti ekki ávaxtað sparifjeð. Væri nú ekki vegur að bærinn tryggði sjer strax eitthvað af þessu fje til þessara framkvæmda, eða þá annað, sem byðist. Slík lán-taka hefði sýnilega nokkurt vaxtatap í för með sjer, en það mætti að mega vinna upp. Og vonandi stendur þetta stríð ekki lengi.

En það má ekki eiga sjer stað, að menn geti gert sjer að atvinnuvegi ofháa húsaleigu og okurlán á peningum til bygginga. En þetta hefir hvortveggja viðgengist til skamms tíma.

Guðrún heitin Lárusdóttir sagði við mig: " Eg sje að það dugir ekki lengur að hugsa um flokka og einstaklinga, það verður að hugsa um þjóð." Þetta var viturlega mælt. Nú eru tímamót í veraldarsögunni. Það nýja vinnur altaf. Eg vil halda því heppilegasta í því gamla, en jafnframt taka því heppilegasta í því nýja. Eg vil hvorki spyrna að öllu á móti, nje gleypa við nýjungunum án at-hugunar.

Eg bið yður afsaka fræmhleypni mína. Mjer gengur gott til.

Það er ýmislegt fleyra, sem athuga þarf, ef vel á að fara. Eg er hræddur við að áhugi Sjálfstæðismanna sje ekki nógu mikill, ef ekki er meira að gert.

Yðar einlægur.

*Hammer-Jónsson*